

**Stefnumótun varðandi endurnýjun/útgáfu gistileyfa í þéttbýli:**

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur samþykkt eftirfarandi bókun:

Nokkuð er um að gefin hafi verið út gistileyfi fyrir íbúðarhúsnæði innan þéttbýlis í sveitarfélaginu, án þess að viðkomandi húsnæði sé á svæðum sem í aðalskipulagi eru skilgreind sem þjónustusvæði eða með tilgreindar heimildir í deiliskipulagi fyrir gististarfsemi. Leyfin hafa verið gefin út til fjögurra ára og er nú víða komið að því að sótt er um endurnýjun leyfanna og hefur sú lagabreyting verið gerð að við endurnýjun er gefið út ótímabundið leyfi. Umrædd lagabreyting felur einnig í sér breytingar á skilgreiningum gististaða.

Sveitarstjórn samþykkir að ekki verði gefin jákvæð umsögn vegna umsókna um ný leyfi, þ.e. nýja leyfisskylda gististarfsemi á svæðum innan þéttbýlis þar sem ekki er skilgreint þjónustusvæði í aðalskipulagi eða gefin heimild fyrir slíkri starfsemi í deiliskipulagi.

Sé sótt um endurnýjun eldra leyfis verði mögulegt að gefa jákvæða umsögn um endurnýjun (útgáfu ótímabundins leyfis) sé um að ræða starfsemi sem var til staðar og með útgefið rekstrarleyfi frá Sýslumanninum á Suðurlandi við staðfestingu aðalskipulags 28. maí 2018, enda sé um óbreytta starfsemi að ræða í sama húsnæði og áður og rekstraraðilar séu þeir sömu og áður og ekki hafi borist athugasemdir nágretta við starfseminni. Hafa ber þó í huga að viðkomandi starfsemi er háð ákveðnu mati við endurnýjun leyfis (útgáfu ótímabundins leyfis), þannig þarf að huga að grenndaráhrifum, byggingarlegum forsendum og heilbrigðissjónarmiðum.

Samþykkt af sveitarstjórn 7.mars 2019